

## **Samkomulag ASÍ og SA vegna endurskoðunar og framlengingar kjarasamninga**

### **Inngangur**

Forsendur kjarasamninganna frá 5. maí 2011 voru að á árinu 2012 færí kaupmáttur vaxandi, verðbólga yrði innan við 2,5%, gengisvítsala krónunnar yrði innan við gildið 190 í desember 2012 og að stjórnvöld stæðu við fyrirheit í yfirlýsingu sinni í tengslum við kjarasamningana.

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa fjallað um forsendur kjarasamninganna. Forsenda um kaupmátt hefur staðist að mati samningsaðila en ekki forsendur um gengi krónunnar og verðbólgu. Stjórnvöld hafa hvorki efnt fyrirheit um lækkun tryggingagjalds til samræmis við minnkandi atvinnuleysi né hækkun bóta almannu- og atvinnuleysistrygginga. Mikilvægustu efnahagslegu forsendur kjarasamninganna um auknar fjárfestingar í atvinnulífinu hafa ekki staðist sem að stórum hluta verður að skrifa á reikning stjórnvalda.

Kaupmáttur lægstu launa hefur haldið áfram að aukast og hluti launafólks hefur notið meiri launahækkana en samkvæmt kjarasamningi. Það er áhyggjuefni að vegna mikillar verðbólgu minnkaði kaupmáttur launa mikils fjölda launafólks á árinu 2012 og að óbreyttu eru horfur í verðlagsmálum dökkar á komandi mánuðum. Því skiptir miklu máli að verðbólga verði hamin, einkum með meiri stöðugleika í gengi krónunnar.

Samningsaðilar hafa sameinast um eftirfarandi til að stuðla að áframhaldandi samstarfi samningsaðila um uppbyggingu atvinnulífsins og auknum stöðugleika:

### ***Stytting samningstíma og flýting viðræðna um nýjan kjarasamning***

Samtökin eru sammála um að stytta samningstímann í gildandi kjarasamningum frá 5. maí 2011 til 30. nóvember 2013. Samtökin telja í því samhengi mikilvægt að samningsaðilar hefji nú þegar vinnu vegna næstu kjarasamninga, sem þarf að felast í mótu á sameiginlegrí sýn á svigrúmi atvinnulífsins og samfélagsins til launahækkana og aukins kaupmáttar á næstu árum. Ennfremur þarf að hefja sameiginlega stefnumörkun til að tryggja vöxt og viðgang atvinnulífsins og efnahagslegan stöðugleika sem byggður verði á stöðugu gengi en það eru forsendur framfara og bættra lífskjara.

### ***Samstaða um atvinnustefnu***

Samtökin vilja á næstu vikum leita samstöðu sín á milli um meginþætti atvinnustefnu sem hefur hagvöxt, fleiri og betri störf og bætt lífskjör á grunni stöðugleika að markmiði. M.a. verði nýleg skýrsla McKinsey um sóknarfæri Íslands höfð til hliðsjónar, auk þeirrar vinnu sem unnin hefur verið á vegum samningsaðila og annarra gagna og stefnumótunar sem liggar fyrir hjá opinberum aðilum eða öðrum. Niðurstaða þessarar sameiginlegu vinnu ASÍ og SA verði lögð fyrir stjórnmálflokkana þannig að afstaða þeirra komi fram fyrir komandi kosningar. Í framhaldi af kosningum og myndun nýrrar ríkisstjórnar verði raunhæf aðgerðaáætlun til næstu ára fullunni.

### ***Samstarf um mótu stefnu í gengis- og verðlagsmálum***

Samtökin vilja leita samstöðu um stefnu og aðgerðir á sviði gengis- og peningamála á næstu mánuðum sem lagt geti traustari grunn að þróun verðlags og jöfnun starfsskilyrða atvinnulífsins. Byggt verði á nýlegu þverpolítísku samkomulagi um mótu peningastefnu ásamt því að áætlun stjórnvalda og Seðlabankans um afnám gjaldeyrishafta verði endurmetin. Óskað verður eftir samstarfi og samræðu við stjórnmálflokkana til þess að freista þess að ná breiðu samkomulagi um stefnuna í gengis- og peningamálum til næstu ára. Ennfremur munu ASÍ og SA beita sér fyrir



aðgerðum til lækkunar verðlags, svo sem með breytingum á verðmyndun og aukinni samkeppni á neytendamarkaði, og aðhaldi að verðhækkunum fyrirtækja og gjaldskrárhækkunum opinberra aðila.

### **Efling starfsmenntasjóða**

Á undanförnum misserum hefur samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórvalda um virkar vinnumarkaðsaðgerðir og aukna þjónustu við atvinnuleitendur skilað mikilvægum árangri. Verið er að ýta átakinu „Liðsstyrkur“ úr vör, þar sem þeim sem verið hafa án atvinnu í þrjú ár eða lengur verður boðið sex mánaða starfstengt úrræði. Fyrirhugað er að treysta samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórvalda á sviði fullorðinsfræðslu og starfsmenntunar, þar sem markmiðið er að lækka verulega hlutfall þeirra einstaklinga sem ekki hafa lokið viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi. Í þessu skyni munu samningsaðilar á næstu mánuðum gera sérstaka áætlun um áherslur starfsmenntasjóða og eflingu þeirra á þessu sviði þannig að þeir geti staðið undir aukinni starfsemi. Samkomulag er um að tiltekin framlög til þeirra hækki í áföngum um 0,1% eigi síðar en 1. janúar 2015 sem útfært verður í næstu kjarasamningum. Jafnframt eru aðilar sammála um að þegar á árinu 2013 muni sjóðirnir auka framlög til menntamála með því að ganga á eigið fé sitt ef með þarf.

### **Bætt vinnubrögð við samningsgerð**

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands vilja koma að sameiginlegu borði með aðilum opinbera vinnumarkaðarins og setja markmið um bætt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Fyrirmynnda verði leitað í nágrannaríkjum okkar sem tekist hefur að auka kaupmátt samhliða lágrí verðbólgu. Stefna þarf að því að sameiginleg sýn allra aðila vinnumarkaðarins á svigrúmi atvinnulífsins og samfélagsins til aukins kostnaðar og bættra lífskjara næstu árin liggi fyrir í byrjun sumars og verði mótið í nýrri lotu kjarasamninga næsta haust.

### **Lífeyrismál**

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands eru sammála um að vinna áfram að jöfnun liffeyrirréttinda á grundvelli þeirrar vinnu sem unninn hefur verið í sameiginlegri nefnd alls vinnumarkaðarins. Sú vinna hefur dregist m.a. vegna þess að ekki hefur náðst samkomulag milli ríkisins og opinberra starfsmanna um fortíðarvanda opinbera lifeyriskerfisins og því ekki forsendur til þess að ljúka viðræðum milli aðila á grundvelli yfirlýsingar þeirra frá 5. maí 2011. Aðilar eru sammála um að innihald yfirlýsingarinnar haldi gildi sínu.

### **Aðgerðir gegn svartri atvinnustarfsemi og fyrir bættu síðferði í atvinnulífinu**

Samtökin eru sammála um að vinna áfram gegn svartri atvinnustarfsemi, kennitöluflakki og að bættri framkvæmd útboðsmála. Svört atvinnustarfsemi leiðir til félagslegra undirboða sem valda samféluginu öllu, launafólki og fyrirtækjum, tjóni. Launafolk glatar mikilvægum réttindum og fyrirtæki sem virða kjarasamningsbundin réttindi og standa skil á opinberum gjöldum missa verkefni og viðskipti til þeirra sem kerfisbundið koma sér undan lög- og kjarasamningsbundnum skyldum sínum.


**Alþýðusamband Íslands og Samtök avinnulífsins gera með sér eftirfarandi samkomulag á þeim grundvelli sem að framan greinir:**

1. Gildistími kjarasamninga milli aðila sem undirritaðir voru 5. maí 2011 styttist til 30. nóvember 2013.
2. Í ogjöld atvinnurekenda í mennta- og fræðslusjóði hækka í áföngum um 0,1% og skal þeirri aðgerð lokið eigi síðar en 1. janúar 2015. Samningsaðilar munu í tengslum við næstu kjarasamninga útfæra nánar ráðstöfun þessarar hækkanar vegna aukinna verkefna í tengslum við átakið um að innan við 10% vinnumarkaðarins verði án viðurkenndrar framhaldsmenntunar.


Ákvæði þetta á við um mennta- og fræðslusjóði aðila að kjarasamningunum 5. maí 2011 auk annarra aðila sem beint tengjast viðkomandi sjóðum með kjarasamningum. Ákvæðið á enn fremur aðeins við þar sem samið hefur verið um hlutfallsgreiðslu af launum til sjóðanna.

Reykjavík, 21. janúar 2013

F.h. samninganefndar  
Alþýðusambands Íslands

  
Guðrún Ólafsdóttir  
Láris Þórarinsdóttir  
Sigurður Þessasson  
Sigurður Þórhallsdóttir  
Guðrún Ragnarsdóttir  
  
Þórir Ólafsson  
Guðrún Ragnarsdóttir  
Guðrún Ólafsdóttir

F.h. Samtaka atvinnulífsins

  
Ólafur Ólafsson  
Vilhjálmur Ólafsson  
Ragnar Ólafsson  
Haukur Ólafsson  
  
Birna Ólafsdóttir  
Jóhann Ólafsson  
Hanns E. Sigurðsson